**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/639** **2015/EES/63/55**

**frá 23. apríl 2015**

**um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á kísildíoxíði (E 551) í pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól (E 1209)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, bragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 685/2014 ([3]) er notkun á pólývínýlalkóhóli sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól leyfð í fæðubótarefni í föstu formi.

4) Kísildíoxíð (E 551) er notað í pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól til að bæta flæðislega eiginleika fjölliðuduftsins. Áætluð yfirfærsla kísildíoxíðs í endanlegu matvælin með notkun pólývínýlalkóhóls sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól er 300–500 mg. Á þessu stigi hefur kísildíoxíð ekki tæknilegt hlutverk í fæðubótarefninu.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi pólývínýlalkóhóls sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól þegar það er notað sem aukefni í matvæli og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þess í fæðubótarefni sem filmuhúðun skapi ekki öryggisvanda við tillagða notkun ([4]). Öryggismatið náði einnig yfir tilgreindu notkunina á kísildíoxíði í pólývínýlalkóhóli sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól.

6) Því er rétt að leyfa notkun á kísildíoxíði í pólývínýlalkóhóli sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól.

7) Því ber að breyta 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.
([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.
([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).
([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 685/2014 frá 20. júní 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól í fæðubótarefni í föstu formi (Stjtíð. ESB L 182, 21.6.2014, bls. 23).
([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(8), 3303.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

*VIÐAUKI*

Í 2. hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við á eftir þriðju færslunni fyrir matvælaaukefni E 551:

| | | | |
|---|---|---|---|
| „E 551 | Kísildíoxíð | 5 000 mg/kg í efnablöndunni | E 1209 pólývínýlalkóhól sem hefur verið grætt á pólýetýlenglýkól“ |

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/647** **2015/EES/63/56**

**frá 24. apríl 2015**

**um breytingu og leiðréttingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna matvælaaukefna** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvælaaukefni, matvælaensím, bragðefni, næringarefni og skilyrði fyrir notkun þeirra.

3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum var tekin saman á grundvelli matvælaaukefna sem voru leyfð til notkunar í matvæli í samræmi við tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB ([3]), 94/36/EB ([4]) og 95/2/EB ([5]) og eftir yfirferð á því hvort þau samræmdust 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Skrá Evrópusambandsins inniheldur matvælaaukefni á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim aukefnum í.

5) Vegna erfiðleika sem upp hafa komið við flutning matvælaaukefna í nýja flokkunarkerfið, sem kveðið er á um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, hafa uppgötvast tilteknar villur sem þarf að leiðrétta, önnur ákvæði þarf að skýra frekar.

6) Í II. viðauka er engin skrá yfir þau ólíku form matvælaaukefna sem nota má, t.d. fyrirfinnast sorbítól (E 420) í formi sorbítóls (E 420 (i)) eða sorbítólsíróps (E 420 (ii)); natríumsítröt (E 331) fyrirfinnast í formi mónónatríumstítrats

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 litarefni til notkunar í matvælum (Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (Stjtíð. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1).

(E 331 (i)), dínatríumsítrats (E 331 (ii)) og trínatríumsítrats (E 331 (iii)). Þessi form eru tilgreind í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 ([6]). Koma ætti skýrt fram að nota megi þessi ólíku form leyfðra matvælaaukefna.

7) Kantaxantín (E 161g) ætti ekki að selja beint til neytenda. Því ætti að breyta 5. lið 2. liðar A-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

8) Konjak (E 425) ætti ekki að nota til að framleiða vatnssneydd matvæli sem eiga að endurvatnast fyrir neyslu. Því ætti að bæta 2. neðanmálsgrein við færsluna fyrir E 425 í I. flokki í 1. lið í C-hluta II. viðauka.

9) Í matvælaflokkum 01.7.2: „Þroskaður ostur“ og 01.7.6: „Ostaafurðir“ (að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16) ætti að koma skýrt fram að natamýsín (E 235) megi eingöngu nota til yfirborðsmeðhöndlunar á óskornum osti og óskornum ostaafurðum.

10) Beita ætti samræmdri nálgun að því er varðar orðalag neðanmálsgreina sem vísa í hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum og voru innleidd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 ([7]). Bæta ætti setningunni „Ekki má nota önnur álsetlitarefni“ við allar neðanmálsgreinar sem vísa í sérstök matvælaaukefni í flokkunum: 01.7.3: „Ætar ostaskorpur“, 01.7.5: „Bræddur ostur“, 04.2.5.2: „Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB“, 08.2: „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, 08.3.1: „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“, 08.3.2: „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“, 08.3.3: „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ og 09.3: „Fiskhrogn“.

11) Í flokki 02.1: „Fita og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfrírri mjólkurfitu)“ ætti ekki að nota tiltekin aukefni í jómfrúarolíu og ólífuolíu.

12) Í flokki 04.2.3: „Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur“ ætti að leyfa notkun brennisteinsdíoxíðs — súlfíta (E 220–228) í unnum sveppum.

13) Í matvælaflokki 05.2: „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ og í matvælaflokki 0.5.4: „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ ætti að fastsetja hámarksgildi neótams (E 961) við 3 mg/kg þegar það er notað sem bragðaukandi efni í sælgæti sem er að stofni til úr sterkju.

14) Í matvælaflokki 05.4: „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ ætti að leyfa notkun sýklamínsýru og natríum- og kalsíumsalta þess (E 952) í bragðbættan rjóma í sprautubrúsum.

15) Í matvælaflokki 06.4.4: „Kartöflubollur (ít. *gnocchi*)“ ætti að takmarka notkun aukefna í ferskum kældum kartöflubollum við takmarkaðan fjölda aukefna sem tilheyra I. flokki.

16) Í matvælaflokki 07.2: „Fínt kaffibrauð“ ætti að skýra notkun brennisteinsdíoxíðs — súlfíta (E 220–228).

17) Í matvælaflokki 08.2: „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“ ætti að leiðrétta færsluna fyrir kalíumasetat (E 261) í kalíumasetöt.

18) Í matvælaflokki 08.3.1: „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“ ætti að fjarlægja bæði færsluna fyrir ísóaskorbínsýru (E 315) og natríumísóaskorbat (E 316).

19) Í matvælaflokki 08.2: „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“, 08.3.1: „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“, 08.3.2: „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“ og 08.3.4: „Kjötafurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt, með sérstökum ákvæðum um nítrít og nítröt“ ætti að skýra framsetningu hámarksgilda fyrir nítrít (E 249–250) og/eða nítröt (E 251–252).

20) Í matvælaflokki 08.3.2: „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“ ætti að leyfa notkun gallata, þrígreinds bútýlhýdrókínóns (TBHQ) og bútýlhýdroxýanisóls (BHA) (E 310–320) í vatnssneyddu kjöti.

---

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 380/2012 frá 3. maí 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar skilyrði fyrir notkun matvælaaukefna sem innihalda ál og magnið sem er heimilt að nota (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 14).

21) Í matvælaflokki 08.3.3: „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ ætti að leiðrétta númer neðanmálsgreinar úr 80 í 89.

22) Í matvælaflokki 08.3.4.2: „Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir“ ætti að endurinnleiða hámarksgildi fyrir nítrít (E 249–250) fyrir *jamón curado, paleta curada, lomo embuchado* og *cecina* og svipaðar afurðir.

23) Í matvælaflokkum 09.1.2: „Óunnin lindýr og krabbadýr“ og 09.2: „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ ætti að koma skýrt fram að einingarnar, sem hámarksgildi fyrir brennisteinsdíoxíð og súlfít (E 220–228) fara eftir, eru gefnar upp á hvert kíló og skýra og leiðrétta ætti neðanmálsgreinina varðandi 4-hexýlresorsínóli (E 586).

24) Í matvælaflokki 09.2: „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ ætti að takmarka notkun títandíoxíðs (E 171) og járnoxíða og hýdroxíða (E 172) við reyktan fisk.

25) Í matvælaflokki 09.2: „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ ætti að koma skýrt fram að hámarksgildi fyrir sorbínsýru — sorböt, bensósýru — bensóöt (E 200–213) gildi um aukefnin hvert um sig eða í samsetningum og um summuna og að gildin séu gefin upp sem óbundin sýra.

26) Í matvælaflokki 10.2: „Unnin egg og eggjaafurðir“ ætti hámarksgildi fyrir tríetýlsítrat (E 1505) að gilda eingöngu um þurrkaðar eggjahvítur.

27) Í matvælaflokkum 14.2.7.1: „Kryddvín“ og 14.2.7.2: „Drykkir, að stofni til úr kryddvíni“ ætti að leiðrétta notkun litarefna sem tilheyra II. flokki og III. flokki í samræmi við notkun litarefna sem leyfð voru með tilskipun 94/36/EB.

28) Í matvælaflokki 17.1: „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ ætti að breyta númeri 79. neðanmálsgreinar og bæta henni við færsluna fyrir matvælaaukefnið dímetýlpólýsíloxan (E 900).

29) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 í 4. hluta „Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni“ ætti hámarksgildi fyrir arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru (E 423) að gilda um endanleg matvæli. Í töflu 7 „Algínsýra — algínöt“ í 6. hluta „Skilgreiningar á flokkum matvælaaukefna að því er varðar 1. til 5. hluta“ ætti að bæta við kalsíumalgínati (E 404).

30) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna. Þar eð skrá Sambandsins er breytt til að hún taki til notkunar aukefna sem þegar eru leyfð í samræmi við tilskipun 94/35/EB, tilskipun 94/36/EB og tilskipun 95/2/EB telst það vera uppfærsla á þeirri skrá sem ólíklegt er talið að hafi áhrif á heilbrigði manna. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

31) Því ætti að breyta og leiðrétta II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

32) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

*I. VIÐAUKI*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

I. Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„— heiti matvælaaukefnisins og E-númer þess, þess í stað má nota sértækari E-númer og heiti sem eru skráð í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 (*), að undanskildum samheitum, ef upptöldu matvælaaukefnunum hefur í raun verið bætt í tiltekin matvæli.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

2) Í stað 1. liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„1. Eingöngu má nota efnin sem eru skráð í B-hluta, eins og tilgreint er í reglugerð (ESB) nr. 231/2012, sem aukefni í matvæli nema nánar sé kveðið á um það í E-hluta.“

3) Í stað 5. liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„5. Ekki má selja litarefnin E 123, E 127, E 160b, E 161g, E 173 og E 180 og blöndur úr þeim beint til neytandans.“

II. Í stað færslunnar fyrir aukefnið E 425 í I. flokki í 1. lið C-hluta komi eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| „E 425 | Konjak<br>i. Konjakgúmmí<br>ii. Konjakglúkómannan | 10 g/kg, hvert efni fyrir sig eða í samsetningum (1) (2) (3)“ |

III. Ákvæðum E-hluta er breytt sem hér segir:

1) Í flokki 01.7.2 — „Þroskaður ostur“ er færslunni fyrir E 235 breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 235 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 235 | Natamýsín | Miðað við mg/dm$^2$ yfirborð (finnst ekki á 5 mm dýpi) | | Einungis til yfirborðsmeðferðar á óskornum hörðum, meðalhörðum og meðalmjúkum osti“ |

b) 8. neðanmálsgrein falli brott.

2) Í stað 67. neðanmálsgreinar í flokki 01.7.3 — „Ætar ostaskorpur“ komi eftirfarandi:

„(67): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni og E 180 líþólrúbíni BK er 10 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

3) Í stað 66. neðanmálsgreinar í flokki 01.7.5 — „Bræddur ostur“ komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

4) Í stað færslunnar fyrir E 235 í flokki 01.7.6 — „Ostaafurðir (að undanskildum afurðum sem falla undir flokk 16)“ komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 235 | Natamýsín | Miðað við mg/dm$^2$ yfirborð (finnst ekki á 5 mm dýpi) | | Einungis til yfirborðsmeðferðar á óskornum hörðum, meðalhörðum og meðalmjúkum afurðum“ |

5) Flokki 02.1 — „Fita og olíur sem eru að mestu leyti vatnsfríar (að undanskildri vatnsfrírri mjólkurfitu)“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 270 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 270 | Mjólkursýra | eftir þörfum | | Einungis til notkunar við eldun og/eða steikingu eða tilreiðslu á soðsósum, að undanskildum jómfrúarolíum og ólífuolíum“ |

b) Í stað færslunnar fyrir E 300 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 300 | Askorbínsýra | eftir þörfum | | Einungis til notkunar við eldun og/eða steikingu eða tilreiðslu á soðsósum, að undanskildum jómfrúarolíum og ólífuolíum“ |

c) Í stað færslunnar fyrir E 472c komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 472c | Sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum | eftir þörfum | | Einungis til notkunar við eldun og/eða steikingu eða tilreiðslu á soðsósum, að undanskildum jómfrúarolíum og ólífuolíum“ |

6) Í stað fyrstu færslu fyrir E 220–228 í flokki 04.2.3 „Aldin og grænmeti, niðursoðin í dósir eða krukkur“ komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 50 | (3) | Einungis hvítt grænmeti, þ.m.t. belgávextir og unnir sveppir“ |

7) Í stað 66. neðanmálsgreinar í flokki 04.2.5.2 — „Sultur, hlaup og marmelaði og sykrað kastaníuhnetumauk eins og skilgreint er í tilskipun 2001/113/EB“ komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

8) Í stað fimmtu færslu fyrir E 961 í flokki 05.2. „Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 961 | Neótam | 3 | (3) | Einungis sem bragðaukandi efni í sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs“ |

9) Flokki 05.4 — „Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar færslu fyrir E 961 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 961 | Neótam | 3 | | Einungis sem bragðaukandi efni í sælgæti, að stofni til úr sterkju, orkuskert eða án viðbætts sykurs“ |

b) Eftirfarandi ný færsla E 952 bætist við á eftir færslunni fyrir E 951:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 952 | Sýklamínsýra og natríum- og kalsíumsölt hennar | 250 | (51) | Einungis bragðbættur rjómi í sprautubrúsum sem er orkuskertur eða án viðbætts sykurs“ |

10) Flokki 06.4.4 — „Kartöflubollur“er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir I. flokk komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „I. flokkur | Aukefni | | | Að undanskildum ferskum kældum kartöflubollum“ |

b) Eftirfarandi nýjar færslur bætist við á eftir færslunni fyrir E 200–203:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 270 | Mjólkursýra | eftir þörfum | | Einungis ferskar kældar kartöflubollur |
| | E 304 | Fitusýruesterar askorbínsýru | eftir þörfum | | Einungis ferskar kældar kartöflubollur |
| | E 330 | Sítrónusýra | eftir þörfum | | Einungis ferskar kældar kartöflubollur |
| | E 334 | Vínsýra (L(+)-) | eftir þörfum | | Einungis ferskar kældar kartöflubollur |
| | E 471 | Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum | eftir þörfum | | Einungis ferskar kældar kartöflubollur“ |

11) Flokki 07.2 — „Fínt kaffibrauð“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 50 | (3) | Einungis þurrt kex“ |

b) Eftirfarandi 3. neðanmálsgrein bætist við á eftir 2. neðanmálsgrein:

„(3): Hámarksgildi eru gefin upp sem heildarmagn $SO_2$ frá öllum uppsprettum; $SO_2$ innihald sem er 10 mg/kg eða 10 mg/l eða minna er ekki reiknað með.“

12) Flokki 08.2 — „Unnar kjötvörur eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna fyrir E 249–250 og E 261 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 249–250 | Nítrít | 150 | (7) | Einungis *lomo de cerdo adobado, pincho moruno, careta de cerdo adobada, costilla de cerdo adobada, Kasseler, Bräte, Surfleisch, toorvorst, šašlõkk, ahjupraad, kiełbasa surowa biała, kiełbasa surowa metka*, og *tatar wołowy (danie tatarskie)* |
| | E 261 | Kalíumasetöt | eftir þörfum | | Einungis pakkað, nýtt hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem öðrum innihaldsefnum en aukefnum eða salti hefur verið bætt í“ |

b) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem má bæta við á meðan á framleiðslu stendur, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

c) 7. neðanmálsgrein falli brott

d) Í stað 66. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

13) Flokki 08.3.1 — „Kjötafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur fyrir E 315 og E 316 falli brott:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 315 | Ísóaskorbínsýra | 500 | | Einungis verkaðar kjötafurðir og rotvarðar kjötafurðir |
| | E 316 | Natríumísóaskorbat | 500 | | Einungis verkaðar kjötafurðir og rotvarðar kjötafurðir“ |

b) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem má bæta við á meðan á framleiðslu stendur, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

c) Í stað 66. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

14) Flokki 08.3.2 — „Hitameðhöndlaðar kjötafurðir“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi ný færsla E 310–320 bætist við á eftir færslunni fyrir E 316:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 310–320 | Gallöt, TBHQ og BHA | 200 | (1) (13) | Einungis vatnssneytt kjöt“ |

b) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem má bæta við á meðan á framleiðslu stendur, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

c) Eftirfarandi 13. neðanmálsgrein bætist við á eftir 9. neðanmálsgrein:

„(13): Hámarksgildi gefið upp út frá fituinnihaldi“

d) Í stað 66. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(66): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 1,5 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

15) Flokki 08.3.3 — „Garnir og gervigarnir, þekjuefni og skraut fyrir kjöt“ er breytt sem hér segir

a) Í stað færslunnar fyrir E 339 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 339 | Natríumfosföt | 12600 | (4) (89) | Einungis í náttúrulegar garnir fyrir pylsur“ |

b) Í stað 78. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(78): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 120 kókíníli, karmínsýru, karmíni er 10 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

c) Í stað 80. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(89): Yfirfærsla í fullunninni vöru skal ekki fara yfir 250 mg/kg“

16) Flokki 08.3.4.1 — „Hefðbundnar, pækilverkaðar kjötafurðir (kjötafurðirnar eru verkaðar með því að leggja þær í pækil sem inniheldur nítrít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem bætt er við, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

b) Í stað 39. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(39): Hámarksmagn efnaleifa, gildi efnaleifa í lok framleiðsluferlisins, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

17) Flokki 08.3.4.2 — „Hefðbundnar þurrsaltaðar afurðir. (Við þurrsöltun er þurr saltblanda, sem inniheldur nítrít og/eða nítröt, salt og aðra efnisþætti, sett á allt yfirborð kjötsins og því næst kemur jöfnunar-þroskunar-tími)“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju færslu fyrir E 249–250 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 249–250 | Nítrít | 100 | (39) | Einungis *presunto, presunto da pa* og *paio do lombo* og svipaðar afurðir: Þurrsöltun í 10 til 15 daga og því næst kemur 30 til 45 daga jöfnunartími og þroskunartími sem er a.m.k. tveir mánuðir; *jamón curado, paleta curada, lomo embuchado* og *cecina* og svipaðar afurðir: Þurrsöltun með jöfnunartíma sem er a.m.k. 10 dagar og þroskunartíma sem er lengri en 45 dagar“ |

b) Í stað 39. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(39): Hámarksmagn efnaleifa, gildi efnaleifa í lok framleiðsluferlisins, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

18) Flokki 08.3.4.3 — „Aðrar afurðir sem eru verkaðar á hefðbundinn hátt. (Pæklun og þurrsöltun eru notaðar saman eða nítrít og/eða nítrat er sett í samsetta vöru eða pæklinum er sprautað í afurðina áður en hún er soðin)“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað 7. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(7): Hámarksmagn sem bætt er við, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

b) Í stað 39. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(39): Hámarksmagn efnaleifa, gildi efnaleifa í lok framleiðsluferlisins, gefið upp sem $NaNO_2$ eða $NaNO_3$“

19) Flokkum 09.1.2 — „Óunnin lindýr og krabbadýr“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna fyrir E 220–228 og E 586 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 150 | (3) (10) | Einungis fryst og djúpfryst óunnin krabbadýr og smokkar; krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae upp að 80 einingum á hvert kíló |
| | E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 200 | (3) (10) | Einungis krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae á bilinu 80 til 120 einingar á hvert kíló |
| | E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 300 | (3) (10) | Einungis krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae yfir 120 einingar á hvert kíló |
| | E 586 | 4-hexýlresorsínól | 2 | (90) | Einungis fersk, fryst eða djúpfryst krabbadýr“ |

b) Í stað 42. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(90): Sem efnaleif í kjötinu“

20) Flokki 09.2 — „Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju færslu fyrir E 171 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 171 | Títandíoxíð | eftir þörfum | | Einungis reyktur fiskur“ |

b) Í stað annarrar færslu fyrir E 172 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 172 | Járnoxíð og -hýdroxíð | eftir þörfum | | Einungis reyktur fiskur“ |

c) Í stað þriðju færslu fyrir E 200–213 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 200–213 | Sorbínsýra — sorböt; bensósýra — bensóöt | 6000 | (1) (2) | Einungis soðnar rækjur af tegundunum *Crangon crangon* og *Crangon vulgaris*“ |

d) Í stað annarrar færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 135 | (3) (10) | Einungis soðin krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae upp að 80 einingum á hvert kíló“ |

e) Í stað þriðju færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 180 | (3) (10) | Einungis soðin krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae á bilinu 80 til 120 einingar á hvert kíló“ |

f) Í stað fimmtu færslu fyrir E 220–228 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 220–228 | Brennisteinsdíoxíð — súlfít | 270 | (3) (10) | Einungis soðin krabbadýr af ættunum Penaeidae, Solenoceridae og Aristaeidae yfir 120 einingar á hvert kíló“ |

21) Í stað 68. neðanmálsgreinar í flokki 09.3 — „Fiskhrogn“ komi eftirfarandi:

„(68): Hámarksgildi fyrir ál sem kemur úr álsetlitarefnum úr E 123 amarant er 10 mg/kg. Ekki má nota önnur álsetlitarefni. Að því er varðar g-lið 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar gildir þetta gildi frá 1. febrúar 2013.“

22) Matvælaflokki 10.2 — „Unnin egg og eggjaafurðir“ er breytt sem hér segir:

a) Fyrsta færsla fyrir E 1505 falli brott;

b) Í stað annarrar færslu fyrir E 1505 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 1505 | Tríetýlsítrat | eftir þörfum | | Einungis þurrkuð eggjahvíta“ |

23) Matvælaflokki 14.2.7.1 — „Kryddvín“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur fyrir II. flokk, III. flokk og matvælaaukefni E 104, E 110, E 124 og E 160d falli brott:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „II. flokkur | Litarefni eftir þörfum | | | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | III. flokkur | Litarefni með samsett hámarksgildi | 200 | | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (61) | Að undanskildu *americano, bitter vino* |
| | E 160d | Lýkópen | 10 | | Að undanskildu *americano, bitter vino*“ |

b) Eftirfarandi færsla fyrir E 163 bætist við á eftir E 160d:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 163 | Antósýanín | eftir þörfum | | Einungis *americano*“ |

24) Matvælaflokki 14.2.7.2 — „Drykkir, að stofni til úr kryddvíni“ er breytt sem hér segir:

a) Færslurnar fyrir II. og III. flokk og fyrir E 160d falli brott.

b) Í stað færslnanna fyrir E 104 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 104 | Kínólíngult | 50 | (61) | Einungis *bitter soda*“ |

c) Í stað færslnanna fyrir E 110 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 110 | Sólsetursgult FCF/appelsínugult S | 50 | (61) | Einungis *bitter soda*“ |

d) Í stað færslnanna fyrir E 124 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 124 | Ponseau 4R, kókínílrautt A | 50 | (61) | Einungis *bitter soda*“ |

e) Í stað færslunnar fyrir E 150a-d komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 150a–d | Karamellubrún litarefni | eftir þörfum | | Að undaskildu *sangria, clarea, zurra*“ |

25) Flokki 17.1 — „Fæðubótarefni gefin í föstu formi, þ.m.t. hylki og töflur og svipuð form, að undanskildum tyggjanlegum formum“ er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir E 900 komi eftirfarandi:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | „E 900 | Dímetýlpólýsíloxan | 10 | (91) | Einungis fæðubótarefni í formi freyðandi taflna“ |

b) Í stað 79. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(91): Hámarksgildi á við um uppleyst fæðubótarefni tilbúið til neyslu þegar það er þynnt með 200 ml af vatni“

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir E 423 „Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru“ í 4. hluta „Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni“ komi eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| „E 423 | Arabískt gúmmí sem er umbreytt með oktenýlrafsýru | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 03: Ís til neyslu, 07.2: Fínt kaffibrauð, 08.3: Kjötafurðir, einungis unnið alifuglakjöt; 09.2: Unninn fiskur og lagarafurðir, þ.m.t. lindýr og krabbadýr og í flokki 16: Eftirréttir að undanskildum afurðum sem falla í flokk 1, 3 og 4. | 500 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 14.1.4: Bragðbættar drykkjarvörur, einungis bragðbætt drykkjarvara sem inniheldur ekki aldinsafa og í kolsýrðum bragðbættum drykkjarvörum sem innihalda aldinsafa og í flokki 14.2: Áfengir drykkir, að meðtöldum óáfengum og lítið áfengum hliðstæðum drykkjum. | 220 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 05.1: Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB, 05.2: Annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt, 05.4: Skreytingar, hjúpur og fyllingar, að undanskildum fyllingum sem eru að stofni til úr aldinum og falla undir flokk 4.2.4 og í flokki 06.3: Morgunkorn. | 300 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 01.7.5: Bræddur ostur. | 120 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 05.3: Tyggigúmmí. | 60 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 01.8: Mjólkurvöruhliðstæður, þ.m.t. þurrmjólkurlíki, 04.2.5: Sultur, hlaup og marmelaði og svipaðar vörur, 04.2.5.4: Hnetusmjör og smurálegg úr hnetum, 08.3: Kjötafurðir, 12.5: Súpur og seyði, 14.1.5.2: Annað, einungis skyndikaffi og te og í rétti, með korn sem uppistöðu, sem eru tilbúnir til átu. | 240 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 10.2: Unnin egg og eggjaafurðir. | 140 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokkum 14.1.4: Bragðbættar drykkjarvörur, einungis bragðbætt drykkjarvara, án kolsýrings, sem inniheldur aldinsafa, 14.1.2: Aldinsafar eins og skilgreint er í tilskipun 2001/112/EB og grænmetissafar, einungis grænmetissafar og í flokki 12.6: Sósur, einungis soðsósur og sætar sósur. | 400 mg/kg í endanlegum matvælum |
| | | Ýrulausnir með bragðgefandi olíum notaðar í flokki 15: Kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl. | 440 mg/kg í endanlegum matvælum“ |

2) Í töflu 7 í 6. hluta „Algínsýra — algínöt“ bætist við ný færsla, E 404, á eftir færslunni fyrir E 403:

| | |
|---|---|
| „E 404 | Kalsíumalgínat“ |